



## Stjórnarfundur FNS

### Fundargerð

**Miðvikudagur 23. janúar 2019, kl. 08:15, Framvegis**

Mættar: Helga Tryggvadóttir, Helga Lind Hjartardóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Hildur Katrín Rafnsdóttir, Margrét Arnardóttir og Svanhildur Svavarsdóttir. Klara Guðbrandsdóttir var fjarverandi.

1. Bókun 8 – samkvæmt Steinunni hjá KÍ á greiðslan að vera á leiðinni til náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum. Guðríður formaður FF sendi fyrirspurn á Björg Pétursdóttir hjá Menntamálaráðuneytinu. Skólameistara hafa haft samband við KÍ og bent á að greiðslur hafa ekki skilað sér til þeirra frá ráðuneytinu. Sjáum hvað Steinunn og Guðríður segja áður en við sendum ályktun.
2. Tilnefningar í matsnefnd náms- og starfsráðgjafa. Menntamálaráðuneytið óskar eftir tilnefningu vegna leyfisbréfa. Helga Try bíður sig fram og Arnar Þorsteinsson sem vara.
3. Mín framtíð – dagana 14. – 16. mars 2019
  - Fimmtudag og föstudag frá kl. 9-17
  - Laugardag frá kl. 10-16 (fjölskyldudagur)
  - Setja upp básinn miðvikudaginn 13. mars, þarf að vera lokið fyrir kl.18.
  - Ganga frá laugardag kl. 16.15.
  - Mönnun: Helga Try setur upp dock skjal þar sem náms- og starfsráðgjafar geta skráð sig, tveggja tíma vaktir. Hafa tvo ráðgjafa í einu.
  - Kynningarefni, búa til lítil spjöld með heilræðum. Upplýsingar og kynningarnefndin hittist til að velja heilræði og búa til nýja gardínu
  - Nafnspjöld fáum þau frá Mín framtíð, merkt náms- og starfsráðgjafi
  - Kostun á efni (Euroguidance?) Helga Try sér um að ræða við Dóru vegna styrkja
4. Vinnuumhverfisnefnd – tilnefning frá grunn- og framhaldsskólum til að skoða vinnuaðstöðu grunn- og framhaldsskólaráðgjafa. Svanhildur og Systa taka þetta að sér.
5. Ferð til Bratislava. Margrét búin að bóka flug fyrir sig, Flýgur með Wizz air til Vínar og síðan með rútu sem tekur klukkustund eða 40 mín. í leigubíl. Ráðstefnan er 9. – 13. september. Félagið þarf að greiða kostnað á móti NFSY fyrir tvo meðlimi. Einnig rætt hvort félagið ætti að senda formanninn til Bratislava, ekki var tekin ákvörðun.

Fundi slitið klukkan 9:30, næsti fundur: ekki ákveðin dagsetning

Fundarritari

Svanhildur Svavarsdóttir